

Mánudaginn 17. júnímán.

Nr. 37/1888.

Sigríður Jónsdóttir

gegn

sýslumanni Stefáni Thorarensen.

D ó m u r :

Með stefnu, útgefinni 25. ágústm. f. á., hefur áfrýjandinn, ekkjan Sigríður Jónsdóttir á Svíra í Eyjafjarðarsýslu, skotið til yfirdómsins skiptagjörð á dánarbúi manns hennar Jóns Snorrasonar, er leidd var til lykta í skiptarjetti Eyjafjarðarsýslu hinn 19. desemberm. 1887, og 3 úrskurðum, sem skiptarjetturinn áður hafði uppkveðið um ráðstafanir á búinu, einn hinn 7. október 1886 og tvo hinn 13. júní 1887. Áfrýjandinn hefur fengið uppreistarleyfi og gjafsókn fyrir yfirdómi, svo og settan málsfærslumann, og hefur hann fyrir hennar hönd gjört þær rjettarkröfur, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði úr gildi felldir, að skiptaráðandinn verði skyldaður til að setja búð í sama lag eins og það var í byrjun hins fyrsta skiptafundar og síðan taka það til löglegrar skiptameðferðar, þannig að kröfur og mótmæli áfrýjanda verði til greina teknar, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum dómum, eins og þótt gjafsókn hefði eigi verið veitt í því, og þar á meðal hæfileg málfutningslaun til hins skipaða sækjanda. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi skiptaráðandi og sýslumaður St. Thorarensen — en honum einum hefur verið stefnt í málinu — krafist þess, að málinu verði frávísað, og að öðrum kosti að hinir áfrýjuðu úrskurðir og skiptagjörningurinn verði staðfest, svo og að áfrýjandinn verði dæmd til að greiða 40 kr. eða eitthvað nægilegt upp í málskostnað.

Með því að erfingjum Jóns heitins Snorrasonar þeim er mál þetta snertir og mæta ljetu á skiptunum, sjerstaklega erfingjanum Sigurði Jónssyni, eigi hefur verið stefnt til að gæta rjettar síns í sökinni, en skiptaráðandi verður eigi talinn umboðsmaður erfingjanna eða búsinis eptir að skiptum var að fullu lokið í því, verður ex officio að frávísa máli þessu, og verður áfrýjandi eptir þessum úrslitum málsins að greiða hinum stefnda hæfilegan málskostnað, er ákveðst 30 kr., en á hinn bóginn verða hinum skipaða málfærslumanni hennar að svo vöxnu máli eigi dæmd málflytningslaun.

Það vottast hjer með að málið hafi verið rekið víta-laust af hálfu hins skipaða sækjanda.

Því dæmist rjett að vera:

Sök þessari frávísast. Áfrýjandinn Sigríður Jónsdóttir greiði hinum stefnda sýslumanni St. Thorarensen 30 kr. upp í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 45/1888

Hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps
gegn
Birni presti Þorlákssyni.

D ó m u r :

Með skjali dags. 9. okt. 1884 tókst páverandi hreppsnefnd í Seyðisfjarðarhreppi pá skuldbindingu á hendur fyrir hreppinn að greiða af fje hans til kirkjubyggingar á Seyðisfirði allt að 2000 kr. á fjórum árum í gjalddögum 6. júní 1885—88 með 500 kr. árlega.